

Leikskóladeild á Bakkafirði

Búið er að taka ákvörðun um að opna leikskóladeild á Bakkafirði og verður María Guðmundsdóttir skólustjóri yfir deildinni. Deildin verður í húsnæði grunnskólans, í rými sem áður fyrr var nýtt fyrir leikskóla og er því ekki mikill tilkostnaður við stofnun deildarinnar. Undirbúningur að deildinni stendur yfir og verður auglýst eftir leikskólakennara.



Héraðsnefnd, MMP og almannavarnarnefnd

Stjórnarfundur Héraðsnefndar Þingeyinga var haldinn 27.ágúst síðastliðinn á Húsavík. Reynir Atli er okkar fulltrúi í nefndinni og fór á fundinn. Á fundinum var m.a. kosið í stjórn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og var Halldóra Sigríður Ágústsdóttir kosin aðalmaður og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir varamaður. Langanesbyggð hefur ekki átt fulltrúa í stjórn MMP síðan 2009 en þá sat Björn Ingi-marsson í stjórn fyrir okkar hönd. Stefán Eggertsson hefur verið í stjórninni fyrir hönd Þistla og situr áfram og er Daníel Hansen kominn inn sem varamaður. Einnig var tilnefnt í Almennavarnarnefnd og er Þórarinn Þórisson þar okkar fulltrúi.

Heimasíða MMP:
www.husmus.is

Ábyrgðaraðili:

Hilma Steinarsdóttir

Myndir:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Hilma Steinarsdóttir

Sóley Vífilsdóttir



Heimasíður grunn- og leikskóla Langanesbyggðar

Grunnskólinn á Bakkafirði bakkafjordur.wordpress.com

Grunnskólinn á Þórshöfn thorshofn.wordpress.com

Barnaból leikskolinn.is/thorshofn

Símanúmer

Ver íþróttahús 468-1515
Áhaldahús Þórshöfn 468-1148
Bakkafjarðarhöfn og áhaldahús 895-1686
Slökkvilið Langanesbyggðar, skrifstofa 468-1142
Þórsver húsvörður, Sólvéig Sveinbjörnsdóttir 864-0762



Langanesbyggð

Fréttabréf

Efni fréttabréfsins er að mestu sótt í fundargerðir Langanesbyggðar sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins.


Fundir sveitarstjórnar fara fram annan hvern fimmtudag og eru þeir allir opnir nema annað sé ákveðið sérstaklega. Öllum er velkomið að koma og fylgjast með.

Minnum á heimasíðuna okkar:

langanesbyggd.is
lnb.is

Sveitarstjórn

Hilma Steinarsdóttir
Þorsteinn Ægir Egilsson
Reynir Atli Jónsson
Hulda Kristín Baldursdóttir
Siggeir Stefánsson
Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir
Björn Guðmundur Björnsson



Fræðslunefnd:

Heiðrún Óladóttir formaður
Dagrún Þórisdóttir varaformaður
Kristinn Lárusson
Siggeir Stefánsson
Hildur Stefánsdóttir

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir formaður
Þorsteinn Vilberg Þórisson varaformaður
Oddný Sigríður Kristjánsdóttir
Björn Guðmundur Björnsson
Vilborg Stefánsdóttir

Hafnarnefnd:

Halldór Stefánsson formaður
Guðmundur Jóhannsson varaformaður
Rafn Jónsson

Naust:

Elías Pétursson formaður
Kristín Kristjánsdóttir
Sigurður Þór Guðmundsson

Umhverfis og skipulagsnefnd:

Gunnólfur Lárusson formaður
Steinunn Leósdóttir varaformaður
Kristján Úlfarsson
Jósteinn Hermundsson
Aðalbjörn Arnarsson

Íþrótt og tómstundanefnd:

Valgerður Sæmundsdóttir formaður
Sólveig Sveinbjörnsdóttir varaformaður
Aneta Potrykus
Almar Marinósson
Ina Leverköhne

Landbúnaðarnefnd:

Sverrir Möller formaður
Maríus Halldórsson varaformaður
Steinunn Halldórsdóttir
Ævar Rafn Marinósson
Sigríður Ósk Indriðadóttir

Úthlutun styrkvega

Landbúnaðarnefnd og Atvinnu-, ferðamála- og menningarnefnd lögðu til að styrkur vegagerðarinnar þetta árið færi í heiðar austan Brekknaheiðar. Sveitarstjórn samþykkti þær tillögur. Styrkurinn er tvær milljónir.

**Kaup á slökkviliðsbíl**

Búið er að ákveða að kaupa slökkviliðsbíl sem nýttur verður sem undanfarabíll.

Slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri hafa unnið að áætlun sem miðar að tekjuöflun slökkviliðsins á móti kaupunum.



Sjá nánari upplýsingar um málið í 8.fundargerð sveitarstjórnar/20.fundur á þessu ári, á heimasíðu sveitarfélagsins.

Árskort í sund fyrir 6-16 ára

Hægt er að kaupa árskort í sund fyrir börn á aldrinum 6-16 ára.

Kortin gilda frá og til 1.september ár hvert.

**Verð:**

- 1.barn kr 3000
- 2.barn kr 2000
- 3.barn kr 0

Fjallskil

Gangnaseðill var undirritaður á fundi Landbúnaðarnefndar 13.ágúst og birtur á heimasíðu Langanesbyggðar.



Smíði á nýrri fjallskilarétt á Miðfjarðar-nesi er lokið og var réttað þar í fyrsta skipti 13.september 2014

Íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins

Búið er að klæða Lækjarveg 3 eða sveitarstjórabústaðinn eins og húsið er gjarnan kallað.



Hálsvegur 9-11 fær líka yfirhalningu, búið er að skipta þar um glugga og hurðir og verið að undirbúa það undir klæðningu.

Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga var haldinn á Kópaskeri 26.júní. Þorsteinn Ægir Egilsson fór fyrir hönd Langanesbyggðar.

Á fundinum voru kosnir aðal- og varmenn í stjórn og var Hilma Steinarsdóttir kosin varamaður. Til stendur að Langanesbyggð fái aðalmann inn eftir ár.

